

## Húftrygging íslenskra fiskiskipa stærri en 300 brúttótonn

### Skilmáli nr. 400

#### 1.gr. Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
  - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
  - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framar frávikjanlegum lagaákvæðum.

#### Tjónagrunnur

Tilteknaðar upplýsingar um tjón sem tilkynnt eru í trygginguna eru færðar í tjónagrunn sem Samtök fjármálafyrirtækja reka samkvæmt sérstöku leyfi frá Persónuvernd. Sjóvá-Almennar tryggingar bera ábyrgð á vinnslu upplýsinganna en Creditinfo er vinnsluaðili þeirra. Tilgangur vinnslu upplýsinga í tjónagrunninum er að stemma stigu við tryggingarsvikum og koma í veg fyrir ofgreiðslu tryggingarbóta. Þessar upplýsingar eru skráðar í tjónagrunninn:

- Kennitala tjónþola
- Númer máls hjá félaginu
- Tegund tryggingar
- Tegund tjóns
- Dagsetning tjóns
- Dagsetning skráningar í grunninn
- Nafn viðkomandi vátryggingarfélags
- Staðsetningu tjóns
- Einkvæmt númer þess tryggða, s.s. ökutækis.

Starfsmenn tryggingafélaga sem starfa að tjónauppgjöri hafa einir aðgang að upplýsingum í grunninum. Upplýsingunum verður eytt þegar ekki er lengur þörf fyrir þær í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu.

## Efnisyfirlit

1. gr.	Vátryggingarsamningurinn .....	1
2. gr.	Munir sem vátryggingin nær til .....	3
3. gr.	Vátryggingarverð .....	3
4. gr.	Vátryggingartímabil – Réttur til uppsagnar .....	3
5. gr.	Siglingasvæði .....	4
6. gr.	Það sem félagið bætir (skemmdir á skipinu o.fl.) .....	4
7. gr.	Það sem félagið bætir (skaðabótakrafa þriðja aðila) .....	5
8. gr.	Skip sama eiganda .....	5
9. gr.	Undanskildar áhættur .....	5
10. gr.	Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar .....	5
11. gr.	Tilkynning um tjón - Ráðstafanir vegna tjóns o.fl. ....	6
12. gr.	Aukin áhætta .....	6
13. gr.	Varúðarreglur .....	6
14. gr.	Gáleysi og ásetningur .....	6
15. gr.	Tjónsráðráttur .....	6
16. gr.	Réttur félagsins til að fjalla um kröfur þriðja aðila .....	6
17. gr.	Fjárhæð vátryggingarbóta .....	6
18. gr.	Viðgerð .....	7
19. gr.	Samráð um viðgerð .....	7
20. gr.	Algert tjón .....	7
21. gr.	Krafa um bætur fyrir algert tjón .....	7
22. gr.	Réttur til leifa vátryggðra hluta .....	7
23. gr.	Endurkröfuréttur .....	8
24. gr.	Greiðsluskylda félagsins .....	8
25. gr.	Tímafrestrir - Fyrning .....	8
26. gr.	Almennt um iðgjaldið .....	8
27. gr.	Endurgreiðsla iðgjalds .....	8
28. gr.	Eigandaskipti .....	9
29. gr.	Réttur veðhafa gagnvart félaginu - Tilkynning um veðsetningu .....	9
30. gr.	Uppsögn og aðrar ráðstafanir yfir vátryggingunni .....	9
31. gr.	Uppgjör tjóns - ákvörðun bóta .....	9
32. gr.	Greiðsla bóta .....	9
33. gr.	Reglur um samsömun .....	9
34. gr.	Ágreiningur .....	9
35. gr.	Heimili og varnarþing .....	10
	Reglur um niðurför á tjónum á íslenskum fiskiskipum .....	11

**2. gr. Munir sem vátryggingin nær til**

- 2.1 Vátryggingin tekur til skips þess sem greint er í skírteininu, fylgifyjár þess, vista og birgða, sem eðlilegar mega teljast. Til skips og fylgifyjár teljast m.a. vélar skipsins, gangskrúfa og aðrar skrúfur, ásamt öxlum og gírum, vindur, rafkerfi, fiskleitartæki, dýptarmælir, ratsjá, leiðsögutæki, loftskeyta- og kalltæki, ásamt nauðsynlegum búnaði og varahlutum, enda séu þessir munir um borð í skipinu.
- 2.2 Undir vátrygginguna falla ekki fiskassar, afli og veiðarfæri, þ.á.m. varpa ásamt hlerum og vírum, nætur, nemar og sendar festir við veiðarfæri, net, línur, færi, belgir, baujur og bólfæri.

**3. gr. Vátryggingarverð**

- 3.1 Í byrjun hvers vátryggingartímabils skulu vátryggingartaki og félagið koma sér saman um vátryggingarverðið. Ef fyrir liggur sundurliðað fjárhæðamat er verð hvers einstaks liðar í fjárhæðamatinu bindandi með sama hætti.
- 3.2 Gildandi vátryggingarverð kemur fram í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Tjón bætast í samræmi við það vátryggingarverð sem í gildi er á tjónsdegi.
- 3.3 Ákvörðun um vátryggingarverð má víkja til hliðar skv. kröfu félagsins ef vátryggingartaki hefur gefið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um atvik sem höfðu þýðingu fyrir verðákvörðunina, sbr. 36. gr. laga nr. 30/2004.
- 3.4 Til viðbótar húftryggingunni er vátryggingartaka heimilt að kaupa sérstaka hagsmunatryggingu fyrir skipið til að mæta beinu og óbeinu fjárhagslegu tjóni, sem hann kann að bíða við það, að skipið ferst. Vátryggingarverð hagsmunatryggingarinnar má þó ekki vera hærra en 1/5 hluti af vátryggingarverði húftryggingarinnar.

**4. gr. Vátryggingartímabil – Réttur til uppsagnar**

- 4.1 Sé ekki annað ákveðið í lögum eða samningi tekur vátryggingin gildi á þeim degi, sem samningur um vátrygginguna er gerður, það er þegar félagið eða vátryggingartaki hefur samþykkt tilboð hins. Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.
- 4.2 Vátrygging, sem gildir í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema vátryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja vátryggingarsamningnum upp. Vátryggingartaki getur sagt vátryggingunni upp skriflega með mánaðar fyrirvara hvenær sem er á vátryggingartímabilinu og miðast uppsögn við næstu mánaðarmót þar á eftir. Eigi uppsögn að miðast við endurnýjun vátryggingarinnar skal tilkynning um uppsögn berast félaginu í síðasta lagi tveimur vikum fyrir lok vátryggingartímabilsins. Hafi vátryggingartaki ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, getur hann þó sagt vátryggingunni upp með skriflegri tilkynningu til félagsins án sérstaks fyrirvara, sbr. 2. mgr. 14. gr. eða 3. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004.  

Þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur vátryggingartaki aðeins sagt vátryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok vátryggingartímabilsins.
- 4.3 Ef félagið hyggst ekki framlengja vátrygginguna skal tilkynna vátryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en vátryggingartímabilið er á enda. Félagið getur gert breytingar á vátryggingarskilmálum og iðgjaldi vátryggingarinnar. Slíkar breytingar taka gildi frá næstu endurnýjun vátryggingarinnar eftir að tilkynning um þær er send.
- 4.4 Ef vátryggingu myndi lokið meðan skip er á ferð sinni, hvort heldur það er samkvæmt vátryggingarsamningnum eða fyrir uppsögn vegna annarra atvika en vanskila á greiðslu iðgjalds, fellur samningurinn þó fyrst úr gildi við lok komudags skipsins til fyrsta ákvörðunarstaðar þess.
- 4.5 Ef vátryggingin framlengist af þessum sökum, getur félagið krafist iðgjalds fyrir framlenginguna, 1/365 hluta af síðasta ársiðgjaldi fyrir hvern dag sem vátryggingin er framlengd.
- 4.6 Vátryggingartaki getur sagt vátryggingunni upp ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 30/2004.

- 4.7 Félagið getur sagt upp vátryggingunni á vátryggingartímanum, ef einhver eftirtalinna atvika eiga við:
1. ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. laga nr. 30/2004;
  2. ef vátryggingartaki hefur viðhaft svíksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. laga nr. 30/2004;
  3. ef vátryggingartaki veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör vátryggingarbóta, með viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggingartaka;
  4. eftir að tjón hefur orðið, ef
    - a. vátryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;
    - b. vátryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
    - c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.
- Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004;
5. ef notkun hins vátryggða eða starfsemi vátryggðs breytist á vátryggingartímanum á þann hátt að:
    - a. félagið hefði ekki tekið að sér vátrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku vátryggingarinnar;
    - b. það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurtryggja áhættuna.
- Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004;
6. við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004.

## 5. gr. Siglingasvæði

Vátryggingin gildir á meðan skip er í fiskveiðilandhelgi Íslands og ef skip fer ekki suður fyrir 40° norðlægrar breiddar allt árið eða norður fyrir 70° norðlægrar breiddar á tímabilinu frá 16. nóvember til 15. maí.

## 6. gr. Það sem félagið bætir (skemmdir á skipinu o.fl.)

- 6.1 Algert tjón, sbr. 20. gr.
- 6.2 Skemmdir á skipinu sökum skyndilegrar og óvæntrar óhappatilviljunar, nema sérstök undantekning sé gerð í vátryggingarsamningnum.
- 6.3 Skemmdir sem stafa af því að galli er í efni skipsins, smíðisgalli eða viðgerðargalli á því eða hlutum þess, enda verði skaðabætur ekki fengnar úr hendi þeirra sem ábyrgð kunna að bera á slíkum göllum, sjá þó gr. 9.2.
- 6.4 Skemmdir sem raktar verða til yfirsjónar eða vanrækslu skipverja eða þriðja manns.
- 6.5 Kostnaður við björgun samkvæmt ákvæðum siglingalaga svo og kostnaður við ráðstafanir til að varna tjóni, sbr. 38. gr. laga nr. 30/2004.
- 6.6 Þátttaka í sameiginlegu sjótjóni, eins og slík þátttaka er ákveðin í York/Antwerpen reglunum frá 1994. Félagið greiðir framlag það til sjótjónsbóta sem kemur í hlut vátryggingartaka að greiða skv. niðurföfnun tjónsins.
- 6.7 Kostnaður sem óhjákvæmilega fylgir tjónsviðgerð, þ.e. mannahaldskostnaður, slippkostnaður, eyðsla í vélum skipsins, hafnargjöld, varðstaða, þóknun til skoðunarmanns flokkunarfélags, svo og þóknun til skoðunarmanns eiganda ef um meiriháttar tjón er að ræða, eins og nánar er ákveðið í niðurföfnunarreglum sem fylgja skilmálum þessum og teljast hluti þeirra.

6.8 Kostnaður við förgun muna vegna bótaskyldrar meðferðar.

## 7. gr. Það sem félagið bætir (skaðabótakrafa þriðja aðila)

- 7.1 Tjón sem skipið veldur með árekstri vegna mistaka við stjórnun þess, enda sé tjónið bein afleiðing skemmda á munum eða líkamsmeiðsla og vátryggingartaki ábyrgur að lögum.
- 7.2 Hámark samanlagðra bóta samkvæmt 7.1. vegna eins tjónsatburðar er það hámark sem kveðið er á um í 1.-3. mgr. 177. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Samanlagðar bætur skv. þessari grein og tjón á skipinu sjálfu skv. 6. gr. geta þó aldrei orðið hærrí en vátryggingaverðmæti skipsins. Bætur til vátryggðs skv. 6. gr. hafa forgang ef vátryggingaverðmæti skipsins nægir ekki til að greiða heildartjónið.
- 7.3 Félagið greiðir kostnað sem eðlilegt er að vátryggingartaki stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð. Sama gildir um vexti sem vátryggingartaki er dæmdur til að greiða af skaðabótakröfu sem vátryggingin tekur til. Vextir greiðast ekki af hærri fjárhæð en þeirri sem greidd er skv. hámarki gr. 7.2.

## 8. gr. Skip sama eiganda

- 8.1 Nú rekst vátryggt skip á annað skip, er bjargað eða fær aðstoð annars skips og er félagið þá greiðsluskylt, þótt það skip sé eign vátryggðs eða bæði skipin lúti sömu útgerðarstjórn.
- 8.2 Þegar svo stendur á, geta vátryggður og félagið falið einum gerðarmanni að ákveða um sök, björgunarlaun eða þóknun fyrir aðstoð.

## 9. gr. Undanskildar áhættur

- 9.1 Skaðabótakrafa frá starfsmönnum eiganda eða útgerðarmanni. Sama gildir um skaðabótakröfu frá eigendum afla eða annars, sem skipið flytur.
- 9.2 Skemmdir á þeim hlutum skipsins, sem efnisgalli, smíðisgalli eða viðgerðargalli er á, sbr. gr. 6.3.
- 9.3 Skemmdir af ófullnægjandi viðhaldi, fúa, þreytu, tæringu, sliti eða sambærilegum orsökum. Sama gildir um tjón, sem rakið verður til hönnunargalla og/eða breytinga sem gera þarf á skipinu vegna hönnunargalla.
- 9.4 Tjón er stafar af því að skipið var óhaffært er það lét síðast úr höfn, ófullnægjandi útbúið eða mannað, hafði eigi nauðsynleg skipsskjöl eða var eigi tryggilega hlaðið.
- 9.5 Tjón sem verður rakið til stríðs, óeirða, uppþots, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða. Sama gildir um hvers kyns tjón af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna.
- 9.6 Kostnaður sem fylgir bótaskyldri tjónsviðgerð að því marki, sem útgerðarmaður hefði sjálfur orðið að greiða fyrir eigin reikning, vegna útgerðarinnar, viðhalds og viðgerðar, þótt hin bótaskylda viðgerð hefði ekki farið fram samtímis.
- 9.7 Aukakostnaður vegna nætur- og helgidagavinnu.
- 9.8 Kostnaður við að hreinsa og mála botn skipsins.
- 9.9 Óbeint tjón, svo sem aflatjón og annað tjón, svo og kostnaður sem stafar af töf, sjá þó 6.7 gr.
- 9.10 Sektir og refsivíðurlög.
- 9.11 Tjón af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira.

## 10. gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

- 10.1 Hafi vátryggingartaki eða vátryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og vátryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.
- 10.2 Hafi vátryggingartaki eða vátryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

- 10.3 Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingarburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan með einnar viku fyrirvara, sbr. 4. gr. skilmála þessara.

## 11. gr. Tilkynning um tjón - Ráðstafanir vegna tjóns o.fl.

- 11.1 Þegar tjón er orðið, skal váttryggður tafarlaust skýra félaginu frá því. Sama gildir ef hann fær eða ætti að fá vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa sem ætla má að váttryggingin nái til, verði gerð á hendur honum.
- 11.2 Er váttryggingarburðurinn hefur gerst eða bein hættu er á því, að hann muni bera að höndum, ber váttryggðum að reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því. Einnig ber váttryggðum að gera ráðstafanir til að tryggja endurgreiðslukröfu félagsins, ef hann á rétt til bóta frá þriðja manni.
- 11.3 Váttryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.
- 11.4 Viðurkenning á bótaskyldu eða samningar um bótakröfur að hálfu váttryggðs skuldbinda ekki félagið.

## 12. gr. Aukin áhætta

Váttryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust um breytingar sem varða hina váttryggðu áhættu, svo sem um notkun og gerð váttryggðs skips. Sé látið hjá líða að veita félaginu slíkar upplýsingar getur bótaréttur fallið niður að hluta eða öllu leyti samkvæmt reglum 24. og 25. gr. laga nr. 30/2004.

## 13. gr. Varúðarreglur

- 13.1 Þegar skip er í höfn eða í lægi skal ganga tryggilega frá festum þess. Jafnframt ber váttryggðum að hafa reglubundið eftirlit með skipinu.
- 13.2 Váttryggðum ber að fylgja greindum fyrirmælum eða opinberum fyrirmælum, sem sett eru til að tryggja öryggi skips á sjó eða í lægi.
- 13.3 Hafi váttryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í váttryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004.

## 14. gr. Gáleysi og ásetningur

- 14.1 Hafi váttryggður af ásetningi valdið því að váttryggingarburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.
- 14.2 Hafi váttryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingarburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

## 15. gr. Tjónsfrádráttur

Bætur vegna hvers einstaks váttryggingarburðar, aðrar en fyrir algert tjón, skulu háðar frádrætti, eins og hann er ákveðinn í váttryggingarsamningnum.

## 16. gr. Réttur félagsins til að fjalla um kröfur þriðja aðila

Ef skaðabótakrafa kemur fram á hendur váttryggðum á því sviði sem váttryggingin nær til, á félagið rétt til að annast uppgjör og málsvörn ef til hennar kemur. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð. Komi váttryggður í veg fyrir að félagið geti fjallað um slíkt mál, og tjón verður hærra af þeim sökum, er félaginu ekki skylt að greiða hækkunina.

## 17. gr. Fjárhæð váttryggingarbóta

- 17.1 Ef skipið ferst eða verður dæmt óbætandi, sbr. 20.2. gr. bætir félagið tjónið með því að greiða váttryggingarverðið.

- 17.2 Skemmdir á skipinu bætir félagið með því að greiða nauðsynlegan viðgerðarkostnað, sem fallið hefur á váttryggðan, ásamt tilheyrandi kostnaði sbr. þó niðurfjöfnunarreglur, sem fylgja skilmálum þessum.
- 17.3 Bætur fyrir skemmdir eða missi skipsins skulu við hvern einstakan váttryggingaratburð ekki vera hærri en váttryggingarverðið, nema annað leiði af 30. gr. laga nr. 30/2004.
- 17.4 Við uppgjör tjóna skal aldrei greiða hærri bætur en sem nemur frumverði hlutarins að frádreginni fyrningu miðað við aldur sbr. fyrningartöflu í niðurfjöfnunarreglum sem fylgja skilmálum þessum.
- 17.5 Engar bætur koma fyrir óviðgerðar skemmdir á skipinu ef það ferst án þess að viðgerð hafi farið fram.
- 17.6 Nú semur félagið við váttryggðan um bætur án þess að viðgerð fari fram eða skipið hafi verið dæmt óbætandi, sbr. 20.2 gr. og skulu þá bæturnar aldrei vera hærri en 90% af viðgerðarkostnaði, eins og dómkvaddir menn meta hann eftir ákvæðum skilmálanna og niðurfjöfnunarreglnanna.
- 17.7 Nú er gert við skipið þó að skilyrði 20.2 séu fyrir hendi, þá takmarkast greiðsluskylda félagsins við váttryggingarverðið, að viðbættum bótum nema annað leiði af 30. gr. laga nr. 30/2004, ef því er að skipta, en að frádregnum verði leifa skipsins.
- 17.8 Sé skipið selt áður en viðgerð fer fram, gilda reglurnar í 17.6 gr. ef sannað er, að söluverð skipsins lækkaði, sem nam eigi lægri fjárhæð en metnum viðgerðarkostnaði hinna óviðgerðu skemmda.

## 18. gr. Viðgerð

Váttryggður skal sjálfur annast um viðgerð á skemmdum á skipinu, nema félagið fari fram á annað.

## 19. gr. Samráð um viðgerð

- 19.1 Váttryggðum er skylt að hafa fullt samráð við félagið um hvar og hvenær viðgerð fer fram á skemmdum, sem váttryggingin skal bæta. Geri hann það ekki er félaginu óskylt að greiða kostnaðarauka, er af því leiðir.
- 19.2 Að jafnaði skal viðgerð fara fram innan árs frá váttryggingaratburðinum og er félaginu ekki skylt að greiða kostnaðarauka, ef dráttur verður lengri. Sama gildir ef hið efnislega tjón eykst við það að viðgerð dregst lengur en eitt ár.

## 20. gr. Algert tjón

Félagið greiðir bætur fyrir algert tjón í eftirfarandi tilvikum:

- 20.1 Skipið ferst eða verður fyrir svo miklum skemmdum, að ekki er unnt að bjarga því eða gera við það.
- 20.2 Skipið verður fyrir svo miklum skemmdum, að kostnaður við að bjarga því og gera við það nemur hærri fjárhæð en váttryggingarverðið.
- 20.3 Skipið hverfur úr umráðum og ekki hefur spurst til skipsins í 90 daga.
- 20.4 Skipið er hernumið eða kyrrsett af erlendu ríki með þeim atvikum, eða erlent ríki leggur farbann á skip eða farm þess og það er eigi látið laust innan sex mánaða. Ákvæði þetta á ekki við um tjón sem er bætt úr venjulegri stríðs- og óeirðatryggingu. Ákvæði þetta á heldur ekki við um tjón, sem hlýst af því að skipið er gert upptækt í refsímáli eða kyrrsett eða selt að kröfu skuldheimtumanna.

## 21. gr. Krafa um bætur fyrir algert tjón

Vilji váttryggður krefjast bóta fyrir algert tjón á grundvelli 20.2. gr., skal hann tilkynna félaginu það án ástæðulausrar tafar eftir að skipinu er bjargað og váttryggður hefur haft tækifæri til að skoða skemmdirnar.

## 22. gr. Réttur til leifa váttryggðra hluta

Þegar félagið hefur greitt bætur fyrir tjón, öðlast það rétt váttryggðs til þess, sem enn kann að vera til af munum, er það hefur bætt.

## 23. gr. Endurkröfuréttur

Bæti félagið tjón, sem þriðji maður ber skaðabótaábyrgð á, öðlast það rétt váttryggðs gagnvart honum að því marki, sem bótunum nemur. Váttryggður skal í slíkum tilvikum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.

## 24. gr. Greiðsluskylda félagsins

Váttryggðum ber að sýna fram á að tjón falli undir váttryggingarsamninginn og ber einnig sönnunarbyrði um umfang tjónsins. Krefja má um greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til þess að meta váttryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bótanna.

Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 50. gr. laga nr. 30/2004.

## 25. gr. Tímafrestir - Fyrning

Váttryggingartaki glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. laga nr. 30/2004. Krafa váttryggingartaka um bætur getur fyrnst samkvæmt reglum 52. gr. laga nr. 30/2004.

## 26. gr. Almennt um iðgjaldið

- 26.1 Váttryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins, en félagið og váttryggingartaki eða umboðsaðili hans skulu fyrir hver áramót semja um iðgjald er gildi fyrir eitt ár í senn, annars ákveður félagið iðgjaldið. Vilji váttryggingartaki ekki una einhliða iðgjaldsákvörðun félagsins, getur hann sagt váttryggingunni upp, sbr. gr. 4.7.
- 26.2 Fyrsta iðgjaldið fellur í gjalddaga þann dag sem váttryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til váttryggingartakans. Krafa um greiðslu iðgjalds verður send váttryggingartaka á það heimilisfang, sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu.
- 26.3 Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur váttryggingin þegar niður, sbr. 33. gr. laga nr. 30/2004.
- 26.4 Félaginu er heimilt að draga ógreidd, gjaldfallin iðgjöld váttryggingarinnar frá váttryggingarbótum, sbr. 49. gr. laga nr. 30/2004.

## 27. gr. Endurgreiðsla iðgjalds

- 27.1 Þegar váttryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á váttryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem váttryggingin var í gildi.
- 27.2 Ef skipinu er lagt í öruggri höfn að mati félagsins, skal að váttryggingartímabilinu loknu endurgreiða hluta iðgjaldsins. Ef um er að ræða skip sem er stærra en 250 rúmlestir og stundar eingöngu togveiðar skal endurgreiða 0,15% af ársiðgjaldi skipsins fyrir hvern legudag enda hafi skipið legið samfleytt í 10 daga eða lengur. Fyrir önnur skip skal endurgreiða 0,15% af ársiðgjaldi skipsins fyrir hvern legudag enda hafi skipið legið samfleytt í 20 daga eða lengur.
- 27.3 Ef bætur fyrir tjón á váttryggingartímabilinu fara fram úr helmingi fjárhæðar ársiðgjalds, fellur endurgreiðsla iðgjalds skv. gr. 27.2 niður fyrir það tímabil. Ef skip hefur orðið fyrir tjóni, sem nemur minna en helmingi ársiðgjalds, skal endurgreiða iðgjald, þó aldrei meira en svo, að samanlögð endurgreiðsla og bætur fyrir tjón fari ekki fram úr helmingi ársiðgjalds.
- 27.4 Iðgjald er aldrei endurgreitt þegar skipið verður fyrir algeru tjóni á váttryggingartímabilinu og félagið hefur greitt bætur vegna altjóns.



## 28. gr. Eigandaskipti

Ef eigandaskipti verða að skipinu eða það er sett undir aðra útgerðarstjórn, fellur vátryggingin úr gildi.

## 29. gr. Réttur veðhafa gagnvart félaginu - Tilkynning um veðsetningu

- 29.1 Nú eru hinir vátryggðu hagsmunir veðsettir og telst þá vátryggingin einnig vera veðhafa til hagsbóta þó svo að veðhafi öðlast ekki meiri rétt gagnvart félaginu en eigandinn.
- 29.2 Hafi eigandi eða veðhafi tilkynnt félaginu veðsetninguna, gilda reglurnar í 30.-32. gr. hér á eftir. Slík tilkynning hefur áhrif, er hún kemur til félagsins.
- 29.3 Félagið skal tilkynna veðhafa um að því hafi verið skýrt frá veðsetningunni og hver réttaráhrif það hafi.

## 30. gr. Uppsögn og aðrar ráðstafanir yfir vátryggingunni

- 30.1 Eigandi getur ekki svo gilt sé gagnvart veðhafa, breytt, rift eða sagt upp vátryggingarsamningnum. Ákvæði 28. gr. vátryggingarskilmálanna um brottfall vátryggingarinnar við eigandaskipti gilda einnig gagnvart veðhafa.
- 30.2 Ef félagið segir vátryggingarsamningnum upp er því skylt að skýra veðhafa frá uppsögninni með sama fyrirvara og eiganda. Félagið getur ekki borið fyrir sig gagnvart veðhafa að það sé laust úr ábyrgð vegna ógreidds iðgjalds, nema það hafi einnig tilkynnt veðhafanum um vanskilin.

## 31. gr. Uppgjör tjóns - ákvörðun bóta

- 31.1 Eigandinn og félagið taka nauðsynlegar ákvarðanir í sambandi við tjón sem ber að höndum, útreikning bóta og málatalbúnað vegna kröfu á hendur þriðja manni.
- 31.2 Þegar um algert tjón er að ræða getur eigandi ekki skert rétt veðhafa með því að afsala sér rétti til bóta að nokkru eða öllu leyti.

## 32. gr. Greiðsla bóta

- 32.1 Við algert tjón gengur krafa veðhafa fyrir rétti eiganda.
- 32.2 Nú nema vátryggingarbætur vegna einstaks vátryggingaratburðar meira en 5% af vátryggingarfjárhæðinni og er félaginu þá óheimilt, án samþykkis veðhafa, að greiða bæturnar, nema gegn afhendingu kvittaðs reiknings frá þeim sem framkvæmt hefur viðgerð.
- 32.3 Félaginu er heimilt, án samþykkis veðhafa, að skuldajafna með kröfum sem félagið á, á hendur eiganda. Skuldajafnaðarréttur þessi takmarkast þó við kröfur sem fallið hafa í gjalddaga tvö síðustu árin áður en greiðsla bóta fór fram.

## 33. gr. Reglur um samsömun

Ákvæði sem kveða á um að réttur vátryggðs til bóta skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis vátryggðs, eiga einnig við um bótarétt vátryggðs vegna samsvarandi háttsemi starfsmanna vátryggðs, sbr. 2. og 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

## 34. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sker úr ágreiningu um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atríði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum [www.fme.is](http://www.fme.is) og [www.sjova.is](http://www.sjova.is), auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

## 35. gr. Heimili og varnarþing

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál, sem rísa kunna vegna skírteinis eða skilmála þessara, skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## Reglur um niðurjöfnun á tjónum á íslenskum fiskiskipum

### Slippkostnaður

Félagið bætir allan kostnað við upp- og framsátur ef unnið er við skipið á slipp eingöngu vegna bótaskyldrar viðgerðar, en hálfan kostnaðinn ef einnig er unnið fyrir reikning útgerðarmanns. Nú eru fullir sex mánuðir liðnir frá því skipið var síðast á slipp og greiðir þá útgerðarmaður allan kostnað við upp- og framsátur.

Félagið bætir allan kostnað við hliðarfærslu á slipp ef færa þarf skipið eingöngu vegna bótaskyldrar viðgerðar, en hálfan kostnaðinn ef einnig þarf að færa skipið vegna aðgerða fyrir reikning útgerðarmanns.

Slippleigan skiptist milli félagsins og útgerðarmanns í beinu hlutfalli við þann dagafjölda, sem aðgerðirnar, er hvor ber kostnað af, myndu hafa tekið ef framkvæmdar hefðu verið einar sér.

### Mannahaldskostnaður

Ef skip tefst frá veiðum eða annarri eðlilegri notkun vegna bótaskyldrar viðgerðar, bætir félagið dagkaup (kauptryggingu) yfirmanna skipsins í samræmi við kjarasamninga LÍÚ að frádregnum 7 fyrstu dögnum er skipið tefst. Kaup greiðist þó aldrei fyrir lengri tíma en nemur lögboðnum uppsagnar-fresti að frádregnum 7 dögum. Til yfirmanna teljast skipstjóri, stýrimenn, vélstjórar og loftskeytamaður.

Mannahaldskostnaður bætist ekki nema skemmdir séu þess eðlis, að viðgerð verði að fara fram innan sex mánaða frá því að vátryggingaratburð bar að höndum. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að útgerðarmanni sé skylt að greiða nefndan mannahaldskostnað.

Ef samtímis er unnið fyrir reikning útgerðarmanns, skiptist dagkaupið milli félagsins og hans í beinu hlutfalli við þann dagafjölda, sem aðgerðirnar, er hvor ber kostnað af, myndu hafa tekið ef framkvæmdar hefðu verið einar sér.

Ef skipið er sent til útlanda gagngert til viðgerðar á bótaskyldu tjóni með samþykki félagsins, bætir félagið mannahaldskostnað vegna þeirra skipverja sem þarf til að sigla skipinu milli landa og fer upphæð kostnaðarins eftir því sem ákveðið er hverju sinni í heildarkjarasamningum milli sjómanna og útgerðarmanna. Nú er samtímis unnið við skipið fyrir reikning útgerðarmanns og skiptist þá mannahaldskostnaðurinn í hlutfalli við þann dagafjölda, sem aðgerðirnar, er hvor ber kostnað af, myndu hafa tekið ef framkvæmdar hefðu verið einar sér.

Félagið bætir á sama hátt kostnað við að senda skipverjana heim og út aftur til að sækja skipið ef sú ráðstöfun kostar minna en dvöl þeirra erlendis.

### Eyðsla í vélum skipsins, hafnargjöld og varðstaða

Félagið bætir eyðslu í vélum skipsins, hafnargjöld og nauðsynlega varðstöðu, meðan skipið tefst í höfn vegna bótaskyldrar viðgerðar, en ef samtímis er unnið fyrir reikning útgerðarmanns vegna breytinga á skipinu, nauðsynlegrar viðgerðar eða nauðsynlegs viðhalds, skiptist þessi kostnaður á sama hátt og slippleiga.

Ef skipið er sent til útlanda gagngert til viðgerðar á bótaskyldu tjóni með samþykki félagsins, bætir félagið eyðslu í vélum skipsins á siglingunni á sama hátt og mannahaldskostnað.

### Léttbátur

Léttbátur skipsins er vátryggður með skipinu og bætir félagið tjón, sem á bátnum kunna að verða, meðan hann stendur á sínum stað um borð í skipinu eða er í notkun sem björgunarbátur.

### Bráðabirgðaviðgerð

Fari fram bráðabirgðaviðgerð á bótaskyldu tjóni bætir félagið kostnað vegna þeirrar viðgerðar að því marki sem hún kemur að notum við fullnaðarviðgerð.

**Fyrningarreglur**

Við uppgjör tjóna á skipinu skal aldrei greiða hærra bætur en sem nemur frumverði hlutarins að fráreginni fyrningu miðað við aldur hlutarins samkvæmt neðangreindri töflu:

HEITI	FYRNINGAR	
	ÁR	%
BOLUR OG ANNAR STÁLBÚNAÐUR S.S. SKRÚFUHRINGUR	15	2
AÐALVÉL	15	2
HJÁLPARVÉLAR	15	2
ÞILFARSVÉLAR: FISKVINNSLUVÉLAR, TOG- OG HJÁLPARVINDUR S.S. KRAFTBLAKKIR	15	2
HLIÐARSKRÚFUVÉLAR OG STÝRISVÉL	15	2
ÚPPFÆRSLUGÍR FRAMAN VIÐ AÐALVÉL (DÆLU-RAFALAGÍR)	15	2
NIÐURFÆRSLUGÍR AFTAN VIÐ AÐALVÉL (SKRÚFUGÍR-RAFALAGÍR)	15	2
SKRÚFUBÚNAÐUR: S.S. SKRÚFUÁS, STEFNISRÖR, SKIPTISKRÚFUVÉL OG SKRÚFA	15	2
FRYSTI- OG KÆLIKERFI	15	2
RAFALAR/OMFORMER/TÍÐNIBREYTTAR/RAFMÓTORAR	15	2
BRENNSLUOLÍUKERFI S.S. SKILVINDUR, DÆLUR OG SEIGJUSTJÓRNUN	15	2
KATLAR: AFGAS- OG MIÐSTÖÐVARKETILL	15	2
STJÓRNBÚNAÐUR AÐALVÉLAR OG SKRÚFU	15	2
RAFEINDATÆKI: Þ.M.T. SIGLINGA- OG FISKLEITARTÆKI	13	4
INNRETTINGAR	20	2
RAFLAGNIR	15	2
ÖLL ÖNNUR TÆKI SEM SKRÁÐ ERU SJÁLFSTÆTT	13	4
ÚPPTAKA/NIÐURSETNING VÉLA OG TÆKJA	20	2

**Skilmálar þessir gilda frá 1. júlí 2015 og koma í stað skilmála frá 1. janúar 2015.**